

## Mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráð

Ár 2021, fimmtudaginn 25. nóvember var haldinn 50. fundur, mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráðs. Fundurinn var haldinn í Tjarnarbúð og hófst kl. 13:02. Fundinn sat Dóra Björt Guðjónsdóttir, Diljá Ámundadóttir, Aron Leví Beck og Kolbrún Baldursdóttir. Eftirtaldir fulltrúar mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráðs tóku sæti á fundinum með fjarfundarbúnaði með vísan í 1. másl. 1. mgr. 54. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, sbr. 4. másl. 1. mgr. 13. gr. samþykktar um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar varðandi fjarfundaheimild: Þorkell Heiðarsson, Sanna Magdalena Mörtudóttir og Örn Þórðarson. Einnig sat fundinn Anna Kristinsdóttir. Guðrún Elsa Tryggvadóttir ritaði fundargerð.

### Þetta gerðist:

1. Lagt fram opið bréf mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráðs ódags., til ríkisstjórnarinnar um innleiðingu laga um kynrænt sjálfræði. R21110244  
Samþykkt.
2. Lagt fram bréf mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu dags. 8. nóvember 2021, um tillögur starfshóps örugggra borga á Norðurlöndum, Nordic Safe Cities. R20060042  
  
Svandís Anna Sigurðardóttir tekur sæti á fundinum undir þessum lið með fjarfundarbúnaði.
3. Lagt fram bréf mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu dags. 5. nóvember 2021, um skýrslu og tillögur starfshóps um ókyngreinda aðstöðu í skóla - og frístundahúsnæði Reykjavíkurborgar. R21040315  
Vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs og skóla- og frístundasviðs.

Fulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Þær niðurstöður sem hér eru birtar koma ekki á óvart. Það er tiltölulega nýtt að krafa sé gerð um að salerni verði ókyngreind. Skólahúsnæði er víða gamalt og býður jafnvel ekki upp á að breyta salernum og búningsklefum til að mæta þörfum trans barna og ungmenna. Þar sem það er hægt hefur það án efa verið gert. Reglugerðin gerir ekki kröfu um að salerni séu kyngreind fyrir karla og konur nema í þeim tilvikum þar sem skilrúm þeirra ná ekki frá gólfi og upp í loft, að öðru leyti mega þau vera ókyngreind. Kyngreining er ekki ávörpuð í greininni um bað-, búnings- og salernisaðstöðu þar sem er aðstaða til íþróttaiðkana. Við hönnun nýs húsnæðis er mikilvægt að hafa þetta allt í huga. Markmiðið er að útrýma mismunun, að það sé aðgengi fyrir alla. Ef fara á í framkvæmdir í þessum málaflokki þarf að huga að því að bætt verði aðgengi og aðstaða fyrir trans börn og ungmenni eins og fram kemur í skýrslunni og einnig fyrir aðra hópa sem þurfa sérstaka aðstoð á salernum og í bað- og búningsklefaaðstöðum.

- Kl. 13:53 tekur Óskar Jörger Sandholt sæti á fundinum með fjarfundarbúnaði.

Svandís Anna Sigurðardóttir tekur sæti á fundinum undir þessum lið með fjarfundarbúnaði.

4. Lagt fram bréf skóla- og frístundasviðs dags. 23. nóvember 2021, um drög að stefnu Reykjavíkurborgar um byggingar fyrir skóla- og frístundastarf. R21100283

Fulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Tekið er undir þau viðmið sem sett eru fram í stefnunni (drögum) fyrir nýbyggingar, viðbyggingar og breytingar á húsnæði fyrir leikskóla, frístundaheimili, grunnskóla, skólahljómsveitir og félagsmiðstöðvar. Hönnun þarf að taka mið af starfseminni sem fara á fram í byggingunni og horfa þarf til byggingarefnis, loftgæða, efnisvals og sveigjanleika

þannig að hægt sé að laga hana að mismunandi þörfum og tryggja fjölbreytni í notkun. Gæta þarf að halli sé á þaki til að draga úr líkum á leka, raka og myglu og fleiri þáttum. Ef horft er til leikskóla sérstaklega eru eftirfarandi þættir mikilvægir: 1) Öll starfsmannaklósett eru inni kennslustofum nemenda. 2) Fatahengi barna í inni kennslustofu barna. 3) Hver kennslustofa hefur sér útihurð til að komast að leikvellinum. 4) Sameign þarf að vera hönnuð þannig að starfsmenn hafi ávallt yfirsýn yfir börnin. Í leikskóla þar sem hönnun hefur tekist vel segir starfsfólk að áhrif undirmönnunar eru minni vegna þess hvernig rýmin eru uppbyggð og hægt er að hafa góða yfirsýn. Að vinna við krefjandi störf í illa hönnuðu húsi er mannskemmandi. Heilsu fólks er ekki aðeins ógnað heldur einnig góðum starfsmannaanda. Breyta þyrfti eldri leikskólum þar sem það er hægt með ofangreinda hugmyndafræði að leiðarljósi sem myndi stuðla að samnýtingu og samkennslu í auknum mæli.

Helgi Grímsson tekur sæti á fundinum undir þessum lið með fjarfundarbúnaði.

5. Lagt fram bréf mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu dags. 24. nóvember 2021, um stöðu á vinnu stýrihóps um endurskoðun jafnlaunastefnu Reykjavíkurborgar. R21050253

Fulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Farið er yfir stöðu stýrihóps um endurskoðun jafnlaunastefnu Reykjavíkurborgar í víðara samhengi. Fulltrúi Flokks fólksins leggur mikla áherslu á réttlæti og mannréttindi í launamálum. Það er mjög mikilvægt að fólk fái allt metið t.d. nám sem leiða má líkum að geri það þroskaðri og hæfari til starfsins sem það á að sinna. Meta á hvern námsáfangna til einhverra stiga til hærri launa. Dæmi eru um fólk með margra ára háskólamenntun en sem hefur ekki útskrifast fær ekkert af menntun sinni metið til launa hjá Reykjavíkurborg. Fram kemur að hvetja eigi fatlað fólk til að sækja um hjá borginni. En þá þarf borgin að afnema skerðingar sem ávallt er vandamál þegar fatlað fólk vinnur umfram lágmarkið. Sama gildir um eldra fólk. Flokkur fólksins vill jafnrétti og mannréttindi fyrir þennan hóp sem dæmi að skerðingar verði afnumdar á atvinnutekjum fatlaðs fólks og eldra fólks. Reykjavíkurborg er ekki skylt að fylgja almannatryggingalögum þegar kemur að skerðingum og getur því bætt kjör þessa hóps með því að taka sjálfstæða ákvörðun í þeim efnum. Fulltrúi Flokks fólksins er umhugað um jafnlaunavottun í því samhengi. Hver er staðan á því nú þremur árum eftir að Reykjavíkurborg fékk jafnlaunavottun. Er til niðurstöður úttektar á jafnlaunavottun fyrir árið 2020?

Fulltrúi Sjálfstæðisflokksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúi Sjálfstæðisflokks fagnar því að fram fari endurskoðun á jafnlaunastefnu borgarinnar með tilliti til margbreytileika starfsfólks. Bent er á að við þá vinna væri rétt að horfa til fleiri þátta en einungis launa. Breytt og bætt starfsumhverfi og starfsskilyrði geta verið þungt í að jafna mun milli starfsfólks með margbreytilegan bakgrunn. Athygli vekur að staða eldri starfsmanna er ekki sérstaklega ávörpuð í kynningu á vinnu stýrihópsins. Hvatt er til að sjónarmið og þarfir eldri starfsmanna fái sérstaka skoðun í þeirri vinnu sem framundan er. Að öðru leyti er vinna stýrihópsins til fyrirmyndar.

Auður Björgvinsdóttir, Elín Blöndal og Sabine Leskopf taka sæti á fundinum undir þessum lið með fjarfundarbúnaði.

6. Lagt fram bréf mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu dags. 5. nóvember 2021, um skýrslu um úttekt á undirgöngum Reykjavíkur. R21100397  
Vísað til umsagnar aðgengis- og samráðsnefndar í málefnum fatlaðs fólks og skipulags- og samgönguráðs.

Fulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Skýrslan gefur mynd af stöðu undirganga undir umferðaræðar. Göng eru alls 51. Fram kemur að víða má bæta úr, svo sem merkingar, lýsingu, göngurampa. Bæta aðstæður þeirra sem eru með sérþarfir, t.d. þeir sem ekki sjá vel eða eiga erfitt um gang. Víða er skortur á almennu viðhaldi. Mörg dæmi eru um að bratti upp úr og ofan í undirgöng er alltof mikill og kemur það sérstaklega illa fyrir þá sem nota hjólastóla og auðvitað þá sem eru á hefðbundnu hjóli. Innkoma í göngin eru oft illa merkt, fólk sér ekki auðveldlega hvar á að fara inn. Undirgöng og viðhald þeirra eru kannski þess leg að auðvelt er að gleyma þeim. Fólk fer í gegn en gerir kannski ekki mikið úr því þótt allt sé útkrotað eða sóðalegt. Mikilvægt er að gera einnig úttekt af þessu tagi á vetrartímanum þegar farið er að rökkva því þá sjást aðrir hlutir betur. Fulltrúi Flokks fólksins vill láta skoða hvort setja ætti öryggismyndavélar í undirgöng. Margir eru hræddir við að nota þau en ef myndavélar væru gæti það skapað öryggiskennnd. Myndavélar hafa líka fælingarmátt og gerist eitthvað er hægt að skoða atburðarás í myndavél og hver var aðili/aðilar í málinu.

Fulltrúi Sjálfstæðisflokksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúi Sjálfstæðisflokks þakkar fyrir góða úttekt á undirgöngum í borginni. Hún dregur fram mikilvægi þeirra sem þáttur í öryggi óvarðra vegfarenda í umferðinni. Í henni er dregin fram mikilvægi góðrar lýsingar. Sömu leiðis er bent á að nauðsyn þess að auka sýnileika undirganga, en það ætti að vera auðvelt með bættum merkingum. Í undirgöngum er umferð gangandi ekki aðskilin umferð hjólandi, það getur skapað hættu, sérstaklega þar sem umferð barna og ungmenna er mikil í kringum skóla- og íþróttasvæði. Ástæða er til að huga sérstaklega að þessari hættu og kanna leiðir til að draga úr slyshættu í undirgöngum.

Guðný Bára Jónsdóttir tekur sæti á fundinum undir þessum lið með fjarfundarbúnaði.

7. Lagt fram til kynningar bréf mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu dags. 22. nóvember 2021, um erindisbréf starfshóps um innleiðingu lýðræðisstefnu. R21110199
8. Lögð fram að nýju tillaga fulltrúa Flokks fólksins um myndavélar á leiksvæðum, sbr. 17. lið fundargerðar mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráðs frá 10. júní 2021. R21060118 Samþykkt að vísa tillögunni frá, með fjórum atkvæðum fulltrúum Samfylkingar, Viðreisnar og Pírata, gegn einu atkvæði fulltrúa Flokks fólksins. Fulltrúar Sjálfstæðisflokks og Sósíalístaflokks Íslands sitja hjá.

Fulltrúar Samfylkingar, Viðreisnar og Pírata leggja fram svohljóðandi bókun:

Ábyrgð Reykjavíkurborgar á öryggi barna sem koma til náms, frístunda eða félagsstarfs á vegum stofnana hennar er mikil og ber að taka alvarlega. Það vekur óhug að upp hafa komið atvik þar sem það öryggi hefur ekki verið tryggt. Þó þarf að huga að því að öryggi getur aldrei verið algjört og það þarf að ná jafnvægi milli þess að tryggja öryggi barna, starfsfólks og annarra eins vel og hægt er, án þess að fara yfir mörk persónufrelsis og án þess að búa til þess háttar eftirlitssamfélag sem fæstum hugnast að búa í. Lögð var fram skýrsla og tillögur um öryggi í skóla- og frístundastarfi á fundi skóla- og frístundaráðs þann 23. júní 2020 þar sem ítarlega er farið yfir það hvernig tryggja megi öryggi barna í skóla og frístundastarfi. Á fundinum var sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs falið að móta áætlun um forgangsroðun og innleiðingu á tillögum ásamt fjárhagsmati. Skóla- og frístundasvið heldur því utan um að útfæra slíkar tillögur í samvinnu við skólastjórnendur á hverjum stað og er tillögunni því vísað frá enda málið í farvegi á öðrum vettvangi.

Fulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Tillögunni um að mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráð beiti sér fyrir því að settar verði upp myndavélar á alla leikvelli á vegum borgarinnar er vísað frá. Það er miður. Börn eiga tilkall til þess að allt sé gert til að vernda þau og tryggja öryggi þeirra í borginni. Það er þekkt að þeir sem vilja skaða börn leita iðulega á staði og á svæði sem tryggt má vera að finna börn. Börnin í borginni verða að geta verið örugg á svæðum sem þeim er ætlað að leika sér á. Vissulega kemur myndavél ekki í veg fyrir að glæpur sé framinn en myndavél hefur fælingarmátt. Í Reykjavíkurborg eru hvergi myndavélar á leiksvæðum barna svo vitað sé. Þetta á jafnt við um leiksvæði sem eru eldri sem og nýuppgerð. Fulltrúi Flokks fólksins telur að sómi væri af því ef mannréttindaráð léti kostnaðarmeta þessa tillögu og í framhaldinu beita sér fyrir því að fá hana samþykkt. Auðvitað er þetta ekki fullkomið öryggi, það er ekkert til sem er fullkomið öryggi en okkur ber að gera okkar besta í þessu sem öðru. Læra þarf á ókostina og veikleikana og útfæra þetta í samræmi við persónuverndarlög. Öryggi barna er það sem skiptir öllu máli.

Fulltrúi Sósíalístaflokks Íslands leggur fram svohljóðandi bókun:

Mikilvægt er að skoða samfélagslega þætti til að tryggja öryggi á leiksvæðum. Myndavélaeftirlit er ekki endilega best til þess fallið en getur haft ýmsa jákvæða þætti í för með sér í þessu samhengi sem er vert að skoða nánar.

Fulltrúi Sjálfstæðisflokksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúi Sjálfstæðisflokks hvarmar að tillögu um myndavélar á leiksvæðum borgarinnar skuli vísað frá. Ástæða hefði verið að kanna nánar inntak tillögunnar, sem er að auka öryggi barna í leik. Í því sambandi hefði verið rétt að kanna þá fjölbreyttu þætti sem snúa að öryggis- og eftirlitsbúnaði af þessu tagi. Lagalegar og tæknilegar hliðar notkunar eftirlitsbúnaðarins, kostnað og framkvæmd, ábyrgð með eftirlitinu sjálfu og fleiri þáttum sem skoða þarf. Það eru því vonbrigði að tillögunni sé vísað frá. Rétt er að benda á að innihaldsríkt svar fékkst við fyrirspurn af sama meiði, um skólalóðir borgarinnar, á fundi Skóla- og frístundaráðs í vikunni. Rétt hefði verið að kalla eftir sambærilegum svörum um önnur leiksvæði í borginni.

9. Lögð fram að nýju fyrirspurn fulltrúa Flokks fólksins um stafræna vegferð þjónustu- og nýsköpunarsviðs, sbr. 12. lið fundargerðar mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráðs frá 11. nóvember 2021. R21110113  
Vísad til umsagnar þjónustu- og nýsköpunarsviðs.
10. Fram fer umræða um dagskrá opins fundar mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráðs 10. desember 2021. R21110078

**Fundi slitið kl. 15:56**

Dóra Björt Guðjónsdóttir

Diljá Ámundadóttir  
Aron Leví Beck

Kolbrún Baldursdóttir